

OFFICE DES NATIONS UNIES A GENEVE
HAUT COMMISSAIRE AUX DROITS DE L'HOMME



SKRIFSTOFA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í
GENEVE
MANNRETTINDASKRIFSTOFA

Palais des Nations
CH-1211 GENEVE 10

CAT/C/ISL/CO/3
15. maí 2008

Frumrit: ENSKA

NEFND GEGN PYNTINGUM
40. fundur
28. apríl-16. maí 2008

ÓSTYTT FORÚTGÁFA

UMFJÖLLUN UM SKÝRSLUR FRAMLAGÐAR AF SAMNINGSRÍKJUM SAMKVÆMT 19. GREIN SAMNINGSINS

Lokaniðurstöður Nefndar gegn pyntingum

ÍSLAND

1. Nefndin fjallaði um þriðju reglubundu skýrslu Íslands (CAT/C/ISL/3) á 826. fundi sínum, sem haldinn var 9. maí 2008 (CAT/C/SR826), og samþykkti á 831. fundi sínum, þann 15. maí 2008 (CAT/C/SR831), eftirfarandi lokaathugasemdir.

A. Inngangur

2. Nefndin fagnar þriðju reglubundnu skýrslunni frá Íslandi sem var undirbúin í samræmi við viðmiðunarreglur nefndarinnar og lögð fram tímanlega. Nefndin fagnar enn fremur hinum ítarlegu skriflegu svörum sem lögð voru fram við lista álitafna (CAT/C/ISL/Q/3/Add.1) og metur árangursrík og uppbyggileg skoðanaskipti við sendinefnd sammingsríkisins.

B. Jákvæðir þættir

3. Nefndin fagnar áframhaldandi viðleitni samningsríkisins til þess að fara að skyldum sínum samkvæmt samningnum og hindra eða uppræta gerðir eða háttsemi sem fara í bága við ákvæði hans. Nefndin veitir athygli, meðal annars;

- a) Nýjum lögum um fullnustu refsinga Nr. 49/2005, ásamt tveimur reglugerðum, þ.e. um fullnustu refsinga og starfsþjálfun fangavarda;
- b) Ákvæðum 227. gr., a) hegningarlaga, sem kveða á um refsiramma fyrir mansal og undirritun samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali í maí 2005;
- c) Lagasetningum, breytingum á hegningarlögum og innleiðingu aðgerðaáætlunar sem miðar að því að gera viðbrögð við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi heildstæðari, ekki síst lagaleg úrræði og þegar um er að ræða kynferðisbrot;
- d) Útgáfu siðareglna fyrir lögreglu varðandi ofbeitingu á líkamlegu afli og munnlegar svívirðingar;

4. Nefndin veitir því einnig athygli með ánægju að engar kærur hafi borist frá Íslandi vegna pyntinga.

C. Helstu áhyggjuefni og tilmæli

Skilgreining á pyntingum og því að þær séu gerðar refsiverðar

5. Þótt nefndin veiti þeim útskýringum sem samningsríkið lagði fram í annarri og þriðju reglubundnu skýrslunni og í skriflegum svörum við skráðum álitaefnum, með tilliti til túlkunar á skilgreiningu pyntingar og notkunar hennar í innlendri refsilöggjöf, harmar nefndin að engar breytingar hafi orðið á afstöðu samningsaðila um að taka ekki upp að fullu þá skilgreiningu á pyntingum sem er að finna í 1. grein samningsins, eða að gera ekki pyntingar að sérstöku refsilagabroti í innlendri löggjöf. (1. og 4. gr.).

Nefndin ítrekar fyrri tilmæli um að skilgreiningin á pyntingum samkvæmt 1. grein samningsins sé tekin upp í íslenskri refsilöggjöf til þess að tryggja að hún feli í sér alla þætti pyntinga og að pyntingar séu skilgreindar sem sérstök refsiverð háttsemi í innlendri löggjöf. Einnig vekur nefndin athygli samningsríkisins á almennri umsögn sinni númer 2 um framkvæmd 2. greinar.

Sjálfstætt eftirlit

6. Nefndin veitir þeim upplýsingum athygli með velþóknun sem veittar eru í skýrslu samningsríkisins og skrifleg svör við álitaefnum sem talin eru upp, um að eftirlit og skoðun varðhaldsaðstöðu, fangelsa og geðdeilda verði unnt að framkvæma af umboðsmanni Alþingis að eigin frumkvæði umboðsmanns og að fullt tillit sé tekið til tilmæla sem byggjast á slíkum heimsóknum. Hins vegar telur

nefndin það áhyggjuefni að ekki hafi verið sett á fót lögformlegt eða stjórnsýslulegt kerfi til þess að sjálfstætt eftirlit eða sjálfstæð skoðun geti farið fram á slíkri aðstöðu, ekki síst geðdeildum (2. gr. og 13. gr.).

Samningsríkið ætti að auka umfang skrifstofu umboðsmanns Alþingis með tilheyrandi mannauði eða fjármunum til þess að geta tekið að sér eftirlit með varðhaldsaðstöðu, fangelsum og geðdeildum og koma á fót sjálfstæðu eftirlits- og skoðunarkerfi fyrir slíka aðstöðu.

Einnig ætti samningsríkið að kanna möguleika þess að setja á laggirnar innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarreglurnar.

Varnir gegn pyntingum og annarri grim múðugri, ómanneskjulegri og lítillækkandi meðferð eða refsingum

7. Nefndin veitir þeim upplýsingum athygli með velþóknun sem veittar eru í skýrslu samningsríkisins og í skriflegum svörum varðandi kvenfanga og unga fanga og að af hagkvæmnisástæðum séu engin sérstök fangelsi til sem ætluð eru kvenföngum eða ungum föngum. Nefndin leggur áherslu á að á grundvelli varna gegn pyntingum og annarri grim múðugri, ómanneskjulegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingum eigi kvenfangar að vera aðskildir frá karlföngum og að ungir fangar eigi að vera í aðstöðu sem er augljóslega aðgreind og aðskilin frá fullorðnum föngum (2. gr. og 11. gr.).

Samningsríkið ætti að tryggja að kven- og karlfangar séu hafðir í haldi á aðskildum stöðum og að ungir fangar eigi einkum og sér í lagi að vera aðskildir frá fullorðnum föngum. Einnig á samningsríkið að tryggja að fangaverðir sem koma að samskiptum við kvenfanga og unga fanga séu þjálfaðir til þess að fást við þá af nauðsynlegu næmi og með þeim hætti sem þörf er á.

8. Nefndin lýsir áhyggjum sínum af tilkynntum tilvikum um óviðeigandi afgreiðslu atvika hjá fulltrúum löggæslu og landamæravörðum, ekki síst í lokuðum búðum, á flugvöllum og í tengslum við mótmæli og mótmælaðagerðir (2. og 7. gr.).

Burtséð frá tíðni og alvarleika slíkra tilvika, á samningsríkið að tryggja að allar slíkar staðhæfingar séu rannsakaðar. Ætlast er til þess að samningsríkið veiti frekari og ítarlegri upplýsingar um rannsóknir og niðurstöður þeirra í næstu reglubundnu skýrslu.

Einangrunarvist

9. Nefndin lýsir áhyggjum af tilkynntum tilvikum um tíða og óhóflega beitingu einangrunarvistar á einstaklinga í varðhaldi (11. gr.).

Samningsríkinu ber að rannsaka án tafar málefni sem varðar óhóflega beitingu einangrunarvistar og samþykkja skilvirkar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkar aðferðir.

Bann við brottvísun og hælisleitendur

10. Nefndin fagnar upplýsingum sem veittar voru í umræðum um skýrslu samningsríkisins að því er varðar samstarf við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar telur nefndin það áhyggjuefni að einungis tvær umsóknir um hæli hafi verið samþykktar á síðastliðnum 20 árum, og hversu tregt samningsríkið er til þess að gefa út dvalarleyfi jafnvel þótt það sé af mannúðarástæðum. (3. gr.).

Samningsríkið á að tryggja, með laga- og stjórnáslureglum, þar á meðal endurskoðun óháðs dómsaðila á synjunum, að tilhlýðileg umfjöllun fari fram um hvert einstakt mál áður en endanleg ákvörðun er tekin og að sífelld endurskoðun fari fram á aðstæðum í þeim löndum sem einstaklingar eru sendir aftur til eða vísað á brott til.

Einnig ætti næsta skýrsla samningsríkisins að fela í sér enn frekari og ítarlegri upplýsingar um það hvernig sjónarmið tengd þjóðaröryggi geta haft áhrif á verndina sem falin er í banni við brottvísun í samræmi við 3. gr. í samningnum.

11. Samtímis því að nefndin veiti athygli upplýsingum sem veittar voru í tengslum við rannsókn innan vébanda Evrópuráðsins og um meint fangaflug í Evrópu telur nefndin tilkynningar varðandi fangaflug um Ísland enn vera áhyggjuefni sem og ófullnægjandi svör yfirvalda við þeim staðhæfingum (3. og 4. gr.).

Samningsríkið þyrfti að veita frekari upplýsingar í næstu reglubundnu skýrslu um það hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að rannsaka staðhæfingar um fangaflug á íslensku yfirráðasvæði eða í lofthelgi landsins, og jafnframt um niðurstöður af slíkum ráðstöfunum eða rannsóknum.

Menntun og upplýsingar

12. Nefndin veitir því athygli að í grunnþjálfun lögreglu og fangavarða eru þættir sem varða mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands þar að lútandi. Jafnframt veitir nefndin því athygli að ný lög um Landhelgisgæslu Íslands kveða á um að strandgæsla eigi að vera í samræmi við lögreglulögin og lög um meðferð opinberra mála. Hins vegar telur nefndin það áhyggjuefni að í sumum tilvikum hafi lögregla og landamæraverðir á lögreglustöðvum og flugvöllum ekki afgreitt öll atvik með þeirri virðingu sem tilhlýðileg sé út frá mannréttindasjónarmiðum. (10. gr.).

Samningsríkið ætti að tryggja að allir þeir sem fást við löggæslu fái fullnægjandi og reglubundna þjálfun varðandi alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, sér í lagi með tilliti til skuldbindinga samningsins gegn pyntingum. Þar að auki ætti samningsríkið að koma á reglulegri þjálfun í mannréttindum og mannúðarrétti fyrir friðargæsluliða og annað starfsfólk sem falið er eftirlitsverkefni innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, NATO og Evrópusambandsins.

Sönnunargögn samkvæmt 15. gr.

13. Samtímis því að nefndin veitir þeim upplýsingum athygli sem fram koma í skýrslu samningsríkis og í samræðunum telur hún það áhyggjuefni að sönnunargögn sem hugsanlega gæti hafa verið aflað með pyntingum kynnu enn að vera notuð í dómsmálum (15. gr.).

Nefndin ítrekar fyrri tillögu sína um að samningsríkið ætti að samræma innlenda refsilöggjöf ákvæðum 15. gr. sáttmálans þannig að með skýrum hætti væri hægt að útiloka öll sönnunargögn sem aflað hefur verið með pyntingum.

Samningsríkið ætti einnig að endurskoða starfsaðferðir við yfirheyrslur þar sem notaðar eru myndbanda- og hljóðupptökur með það í huga að sakborningi sé fyrst og fremst veitt vernd.

Mansal

14. Nefndin veitir athygli þeirri þróun sem átt hefur sér stað í löggjöf og stefnumörkun að því er varðar mansal, sérstaklega hið nýja lagafrumvarp sem er til umræðu á þinginu og vinnu við innlenda áætlun til varnar gegn mansali. Nefndin hefur samt sem áður áhyggjur af því að tilkynnt hefur verið um atvik er varða mansal bæði um landið og innanlands og að samningsríkið býr ekki yfir skipulögðum viðbúnaði til að vakta og meta umfang og áhrif þessa fyrirbæris eða til að takast með skilvirkum hætti á við það (2. og 16. gr.).

Samningsríkið ætti að tryggja að aðgerðaáætlunin fái fullnægjandi fjárframlög vegna framkvæmdar hennar og setja bæri á fót samhæfða ríkisáætlun til gagnasöfnunar, eftirlits með raunverulegu ástandi og til að bjóða fram fullnægjandi ráðstafanir í því skyni að koma í veg fyrir mansal og til aðstoðar við fórnarlömb.

Samningsríkið ætti einnig að taka upp sérstakar þjálfunar- og næmivítundaráætlanir fyrir löggæsluaðila og landamæraverði, og hrinda af stað átaki til að efla meðvítund almennings til að upplýsa um núverandi ástand varðandi mansal í landinu.

Ofbeldi gegn konum og börnum

15. Nefndin veitir athygli þróun sem átt hefur sér stað undanfarið á sviði innlendrar löggjafar og stefnumörkunar varðandi ráðstafanir sem miða að því að takast á við ofbeldi gegn konum og börnum og gegn heimilisofbeldi, sérstaklega varðandi breytingar sem gerðar hafa verið á lögum sem veita heimild til aukinnar refsingar þegar um er að ræða ofbeldi sem á sér stað innan fjölskyldunnar, varðandi nálgunarbann og lengingu refsivistar vegna nauðgunarbrot. Nefndin er þeirrar skoðunar að enn frekari áherslu mætti leggja á að veitt verði fullnægjandi lækniþjónusta og lögfræðiþjónusta og aðstoð við fórnarlömb vegna ofbeldis gegn konum og vegna heimilisofbeldis, og á umfjöllun um afstöðu manna og sjónarmið innan þjóðfélagsins (4. og 16. gr.).

Samningsríkið ætti að halda áfram aðgerðum sínum til að taka á heimilisofbeldi með löggjöf og stefnuaðgerðum, sérstaklega með tilliti til

refsvæðingar nauðgunarbrot, þ.m.t. nauðgunar innan hjónabands, og til að tryggja að sá hluti áætlunarinnar sem nefnist Aðgerð 2006 til 2011, sem fjallar um vernd og stuðning við fórnarlömb, fái nægilegt fjárframlag og þann mannafla sem nauðsynlegur er til að hrinda aðgerðinni í framkvæmd. Samningsríkið er hvatt til þess að byggja upp innlent upplýsingaátak fyrir almenning og til að örva breiðari almenna umræðu til þess að geta fjallað um afstöðu og staðalmyndir sem leiða til ofbeldis gegn konum. Ætlast er til þess að samningsríkið veiti frekari og ítarlegri upplýsingar um þá aðstoð og þjónustu sem fyrir hendi er fyrir fórnarlömb í næstu reglubundnu skýrslu.

16. Samtímis því að veita athygli undirritun samningsríkisins á valkvæða viðaukanum við sáttmálann gegn pyntingum hvetur hún samningsríkið til þess að halda áfram staðfestingarferlinu við fyrsta hentugleika.

17. Nefndin býður samningsríkinu að fullgilda aðra mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna sem það er ekki aðili að, þ.e. Alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandverkamanna og meðlima fjölskyldna þeirra, Alþjóðasáttmálann um réttindi manna sem eru fatlaðir og valkvæðan viðauka, og Alþjóðasamning um vernd allra einstaklinga gegn þvinguðu brotnámi.

18. Nefndin býður samningsríki að leggja fram grundvallarskjal sitt til samræmis við það skilyrði grunnkjarnaskjals í hinum samræmdu leiðbeiningum um skýrslugerð eins og samþykktar hafa verið af hálfu stofnana á grundvelli alþjóðlegra mannréttindasáttmála og felast í skjali HP4/GEN/2/Rev.4.

19. Nefndin mælist til þess af samningsríkinu að það dreifi skýrslu sinni víða, ásamt með skriflegum svörum við spurningum nefndarinnar, ásamt lokaniðurstöðum og samantekt á fundargerðum nefndarinnar gegnum opinberar heimasíður, fjölmiðla og frjáls félagasamtök.

20. Nefndin mælist til þess að samningsríkið láti í té, innan árs, upplýsingar um viðbrögð þess við tillögnum sem felast í 9., 14. og 15. mgr. að framan.

21. Samningsríkinu er boðið að leggja fram næstu skýrslu sína sem verður þá fimmta reglulega skýrslan, í síðasta lagi 30. júní 2012.